

|                   |                                                               |                                                                                     |
|-------------------|---------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                           |  |
| Útgáfa: 08        |                                                               |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 |                                                               |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     | <b>Áfangaheiti ÍSL102</b><br><b>Kennsluáætlun Vorönn 2013</b> |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                               |                                                                                     |
| Síða 1 af 3       |                                                               |                                                                                     |

|                |                                                                            |               |                 |
|----------------|----------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------------|
| <b>Kennari</b> | Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Anna Lilja Harðardóttir og Þórdís H. Jónsdóttir | <b>Sk.st.</b> | SUN, ALH og ÞHJ |
|----------------|----------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------------|

**Áfangalýsing:** Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á sem flestum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta, bæði í bundnu og óbundnu máli. Nemendur lesa valið efni úr íslenskum bókmenntum: smásögur, ljóð og skáldverk. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli.

**Kennslan mun fara fram í gegnum kennsluvefinn Moodle þar sem nemendur skila verkefnum vikulega. Fyrirlestar og fyrirmæli um verkefni hverrar viku verða einnig inn á vefnum en kennslustundir notaðar sem vinnutími og til að fá leiðsögn kennara.**

#### **Markmið:**

- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmiss konar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra.
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.

|                   |                                                               |                                                                                     |
|-------------------|---------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                           |  |
| Útgáfa: 08        |                                                               |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 |                                                               |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     | <b>Áfangaheiti ÍSL102</b><br><b>Kennsluáætlun Vorönn 2013</b> |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                               |                                                                                     |
| Síða 2 af 3       |                                                               |                                                                                     |

### Námsgögn:

*Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason

*Íslenska eitt*, eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson

(útg. 2006).

Viðbótarefni frá kennara.

### Áætlun um yfirferð:

#### 1. lota 7.1. – 10.2 RITUN

*Íslenska eitt* – bls. 52 – 79, 110 – 116 og 125-128.

Farið í byggingu texta og ýmis ritunarverkefni unnin til þjálfunar. Munur á talmáli og ritmáli og verkefnavinna í tengslum við túlkun á styttri bókmenntatextum.

Nemendur hefja lestur á skáldsögunni *Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason.

Í þessari lotu verða skil á verkefnum í hverri viku inn á Moodle í viðeigandi skilabox sem verður opið í eina viku í senn. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir að skilabox lokast og fær þá nemandi ekki einkunn fyrir þau verkefni.

Í lok fyrstu lotu hafa nemendur skilað nokkrum ritunarverkefnum og úrlausnum nokkurra verkefna í kennslubókinni og fá þá einkunn fyrir þá vinnu sem nemur 15%.

#### 2. lota . 11.2. – 24.2 TJÁNING

*Íslenska eitt* – bls. 109, 252 – 254.

Munnlegur flutningum æfður. Nemendur flytja tvö munnleg verkefni, upplestur á texta og ræðu sem nemendur útbúa sjálfir, og fá einkunn fyrir þá vinnu sem nemur 5 %.

#### 3. lota 25.2 –31.3 BÓKMENNTIR

*Íslenska eitt* - bls. 9 – 29, 52-54 og 86-93.

Farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Nemendur skrifa bókmenntaskýrslu um *Dauðarósir* og taka krossapróf úr sögunni.

Fyrir þessa lotu er hægt að fá 17%, 10% fyrir bókmenntaskýrslu og 7% fyrir krossapróf.

|                   |                                                               |                                                                                     |
|-------------------|---------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                           |  |
| Útgáfa: 08        |                                                               |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 |                                                               |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     | <b>Áfangaheiti ÍSL102</b><br><b>Kennsluáætlun Vorönn 2013</b> |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                               |                                                                                     |
| Síða 3 af 3       |                                                               |                                                                                     |

#### 4. lota 1.4 – 30.4 LJÓÐ

**Íslenska eitt** - bls. 30 – 38, 101-108, 120 – 121 og 39-43 auk viðbótarefnis frá kennara.

Farið í myndmál og stílbrögð bókmenntatexta. Verkefni unnin, bæði úr kennslubók og úr ítarefni frá kennara.

Nemendur vinna ljóðaverkefni sem gildir 8%.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni úr fyrstu lotu 15%

Tjáning 5%

Krossapróf 7%

Bókmenntaskýrsla 10%

Ljóðaverkefni 8%

Lokapróf 50%

Skil á verkefnum í Moodle  
og ástundun í tímum 5%

Nemendum ber að skila verkefnum og standast lokaprófið (4,5) sem vegur 50% af heildareinkunn til að einkunn fyrir skil á önninni (50%) verði metin til heildareinkunnar. Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Flestum verkefnum verður skilað inn á kennsluvefinn Moodle í viðeigandi skilabox og EKKI verður hægt að skila verkefnum eftir að skilafrestur hefur runnið út og skilabox lokast. Nemendur fá einnig flestar umsagnir til baka á kennsluvefnum Moodle.

Dagsetning:

*Sunnveit Jóhannsdóttir*  
Undirritun kennara

*Kristín Arnadóttir*

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils